

Hörgársveit

SKÓLASTEFNA

YFIRLIT

Inngangur

Skólaumhverfið

Leikskóli
Grunnskóli
Tónlistarskóli
Framhaldsskólar
Ýmis fræðslustarfsemi

Framtíðarsýn

Nám og kennsla
Sérstaða
Skil milli skólastiga
Aðbúnaður
Starfsfólk
Nærsamfélagið
Félagslíf

Mat og endurskoðun

Inngangur

Skv. lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla skal hvert sveitarfélag setja almenna stefnu um leikskólahlald og almenna stefnu um grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna hvort tveggja fyrir íbúum þess. Í daglegu tali er þessi stefnumótun í einu orði nefnd „skólastefna“ fyrir sveitarfélagið. Það hugtak verður notað í þessu riti.

Skólastefnan fyrir Hörgársveit skiptist í þrjá meginkafla:

- Skólaumhverfið
- Framtíðarsýn
- Mat og endurskoðun

Í fyrsta kaflanum er þeim skólum sem starfa í sveitarfélaginu, eða sveitarfélagið á aðild að, lýst í örfáum orðum og í miðkaflanum, sem nefnist „framtíðarsýn“, kemur fram hin eiginlega stefna sveitarfélagsins í skólamálum. Fremst í þeim kafla er einkonar leiðarljós stefnunnar, en að öðru leyti er honum skipt í sjö eftirfarandi kafla:

- Nám og kennsla
- Sérstaða
- Skil milli skólastiga
- Aðbúnaður
- Starfsfólk
- Nærsamfélagið
- Félagslíf

Hver kafla skiptist svo annars vegar í markmið og hins vegar í leiðir að því í hverju tilviki.

Skólastefnan fyrir Hörgársveit er hér dregin upp í sem fæstum dráttum með það að markmiði að hún sé tiltölulega einföld og skýr, svo og til að veita sveitarstjórn og fræðslunefnd á hverjum tíma og skólunum, sem ætlað er að framfylgja henni, svigrúm til nánari markmiðssetningar og útfærslu.

Vinna við gerð skólastefnu fyrir Hörgársveit hófst í upphafi árs 2016, skv. samþykkt fræðslunefndar 16. nóvember 2015. Áður hafði farið fram nokkur undirbúningur að gerð hennar á árunum 2011 og 2012 og nýttist hann við vinnuna. Beina aðild að gerð draganna að skólastefnunni áttu foreldraráð og starfsmenn leikskólans, stjórn foreldrafélags grunnskólans og starfsmenn hans. Drögin voru síðan aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, þannig að unnt var að koma á framfæri ábendingum við drögin á vinnslutíma þeirra.

Fræðslunefndin, sem bar ábyrgð á verkinu, lagði línuna um framsetninguna og ræddi drögin eftir því sem þau þróuðust. Umsjón með verkinu hafði svo Guðmundur Sigvaldason, fyrrv. sveitarstjóri, í samráði við sveitarstjóra og stjórnendur skólanna.

Skólastefnan var samþykkt í fræðslunefnd 23. maí 2016 og í sveitarstjórn Hörgársveitar 25. maí 2016.

Skólaumhverfið

Leikskóli

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu. Heiti hans er Álfasteinn. Hann er á Lónsbakka, sem er annað af tveimur þéttbýlum sveitarfélagsins. Hann starfar í einni deild, þar er rými fyrir 32 börn.

Leikskólinn var stofnsettur af Glæsibæjarhreppi á árinu 1995 og á árunum 2006-2007 var húsnæði hans stækkað úr 114 m² í 274 m². Þá var hann rekinn af Hörgárbyggð. Á árinu 2009 gerðist Arnarneshreppur aðili að rekstri leikskólans.

Um innra starf leikskólans gildir skólanámskrá hans. Í gildandi skólanámskrá er að finna meginmarkmið um

- leikgleði og sköpunargleði,
- virðingu og vináttu,
- umhverfisvitund,
- hreyfingu og hollustu.

Meðal þeirra leiða sem notaðar eru til að vinna að markmiðunum má nefna þátttöku í hreyfingu heilsuleikskóla í landinu, grænánaverkefni Landverndar, notkun á kennsluefni í lífsleikni sem nefnist Stig af stigi og í agamálum er stuðst við aðferðafræði sem nefnist *Jákvæður agi*.

Grunnskóli

Í sveitarfélaginu er einn grunnskóli, þelamerkurskóli. Þar eru um 80 nemendur í 1.-10. bekk, sem kennt er í 5 námshópum. Þegar mest var stunduðu um 130 nemendur nám í skólanum. Skólinn er nálægt miðju sveitarfélaginu, í landi Laugalands á þelamörk. Starfsemi skólans hófst árið 1963 og síðan þá hefur húsnæði hans nokkrum sinnum verið stækkað og er það núna 2.954 m² fyrir utan aðstöðu fyrir kennslu í íþróttagreinum. Upphaflega var skólinn byggður og rekinn sameiginlega af Glæsibæjarhreppi, Skriðuhreppi og Öxnadalshreppi. Seinna gerðist Arnarneshreppur aðili að rekstrinum, fyrst að unglíngastigi hans og síðan á árinu 1989 fyrir öll börn á grunnskólaaldri.

Kennsla í íþróttum fer fram í Íþróttamiðstöðinni á þelamörk, sem er sjálfstæð stofnun í eigu sveitarfélagsins, staðsett við hlið skólans.

Nemendur eru fluttir til skóla og frá með skólabílum.

Innra starf skólans tekur mið af einkunnarorðum hans, sem eru **þroski, menntun og samkennd** (þMS).

Með „þroska“ er vísað til tilfinningalegs og félagslegs þroska jafnt sem vitsmunalegs þroska nemenda. Að því er varðar „menntun“ er áhersla lögð á að nemendur hljóti allhliða menntun þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín. Starfið miðast við að í

skólanum ríki „samkennd“ og vinátta meðal þeirra sem þar starfa, bæði barna og fullorðinna.

Meðal þeirra leiða sem eru til að vinna að markmiðunum má nefna útiskóla, verkefni landlæknisembættis sem nefnist Heilsueflandi grunnskóli, þátttöku í grænfánaverkefni Landverndar, svonefnt „vinaliða“-verkefni, Olweus-áætlunina gegn einelti og aðferðafræðina *Jákvæður agi*.

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Eyjafjarðar er rekinn sameiginlega af Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Hörgársveit. Kennsla barna á grunnskólaaldri úr Hörgársveit fer öll fram á skólatíma þeirra í þelamerkurskóla og annarra á Akureyri og víðar. Árlega stunda um 30 börn úr Hörgársveit nám í tónlistarskólanum.

Framhaldsskólar

Hörgársveit á aðild að framhaldsskólunum þremur í héraðinu, þ.e. Menntaskólanum á Akureyri (MA), Menntaskólanum á Tröllaskaga (MT) og Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA). Formlega á sveitarfélagið, í samvinnu við önnur sveitarfélög í héraðinu, aðild að tilnefningu í skólanefndir þeirra, en í raun eru tilnefningarnar í hverju tilviki í höndum þess sveitarfélags sem skólinn er staðsettur í. Fjárhagslega felst aðildin í þátttöku í greiðslu stofnkostnaðar framhaldsskólanna.

Ýmis fræðslustarfsemi

Sérskólastarfsemi

Sveitarfélagið rekur ekki sérhæfða skóla af neinu tagi. Þegar börn hafa ekki getað sótt skóla í sveitarfélaginu, t.d. vegna fötlunar, hefur hingað til tekist að semja við Akureyrarbæ um skólavistina.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY)

Hörgársveit er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Sveitarfélagið, sameiginlega með öðrum sveitarfélögum í Eyjafirði fyrir utan Akureyrarbæ, tilnefnir einn mann í stjórn SÍMEYjar og annan til vara. Fjárhagslegar skuldbindingar felast ekki í aðildinni.

Framtíðarsýn

Leiðarljós:

Unnið er markvisst að því að mennta börn í metnaðarfullu skólastarfi þar sem velferð barnanna og starfsfólks er í fyrirrúmi og að menntunin nýtist til framtíðar.

Börn og starfsfólk vinna við bestu námsaðstæður og vinnuskilyrði sem völ er á.

Í skólastarfinu er unnið að því að efla með börnum virðingu, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust, skapandi hugsun og lífsgleði.

Nám og kennsla

Markmið:

Þróun kennsluhátta er markviss með fjölbreyttum aðferðum og allir hafa jöfn tækifæri til náms óháð líkamlegri, félagslegri og andlegri getu og þroska.

Þetta er gert með því að:

- Skólanámskrár eru með skýrt afmarkaðar leiðir að markmiðum aðalnámskrár.
- Hugmyndafræði skólanna er skýr, vel kynnt og aðgengileg.
- Horfa til einstaklingsaðstæðna við skipulag náms, kennsluefnis og námsmats.
- Sérfræðiaðstoð er við hæfi hverju sinni.
- Árangur skólastarfs m.t.t. skólanámskrár er metinn með markvissum hætti.
- Virkt samstarf er milli heimilis hvers barns og skóla.

Sérstaða

Markmið:

Unnið er með sérstöðu skólanna.

Þetta er gert með því að:

- Halda sig við sameiginlega stefnu skólanna um *Jákvæðan aga*.
- Halda sig við áherslur *heilsuskólans*.
- Halda sig við hugmyndafræði *útiskólans*.
- Vinna markvisst að umhverfismennt í öllu skólastarfi.

Skil milli skólastiga

Markmið:

Börnum er auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga.

Þetta er gert með því að:

- Börn í þeim árgöngum sem eru næstir öðrum skólastigum fyrir ofan heimsækja þá skóla sem við eiga.
- Samvinna er milli foreldrafélaga, t.d. í tengslum við viðburði og ferðir.
- Samvinna er milli kennara elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla.

Aðbúnaður

Markmið:

Skólabyggingar og umhverfi þeirra uppfylla þær nútímakröfur sem gerðar eru til skólastarfs.

Þetta er gert með því að:

- Víðtækt samráð milli aðila er við undirbúning og hönnun á endurbótum.
- Ábendingum og kröfum heilbrigðiseftirlits um aðbúnað er mætt.
- Kröfum um öryggismál er fylgt með reglubundnu eftirliti.

Starfsfólk

Markmið:

Í skólunum starfar hæft fólk með viðeigandi menntun við góðar starfsaðstæður.

Þetta er gert með því að:

- Virkar starfsþróunaráætlanir eru endurskoðaðar árlega.
- A.m.k. 3,5% af launakostnaði skólanna er varið til starfsþróunar.¹

Nærsamfélagið

Markmið:

Skólarnir eru í góðum tengslum við samfélagið.

Þetta er gert með því að:

- Hafa aðgengilegar upplýsingar um skólastarfið, s.s. á heimasíðum skólanna, fréttabréfum þeirra og á samfélagsmiðlum.
- Birta fundargerðir fræðslunefndar á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Foreldrar taka þátt í starfi foreldrafélaga og eftir atvikum í skólastarfinu sjálfu.
- Viðburðir í skólunum, vorhátíðir, árshátíðir o.s.frv., eru opnir öllum.
- Skólarnir nýta nærumhverfi sitt í starfi sínu.

Félagslíf

Markmið:

Félagslífi skólanna er gert hátt undir höfði.

Þetta er gert með því að:

- Börnum er boðið upp á að taka þátt í félagslífi innan skólanna.
- Grunnskólinn tekur virkan þátt í samstarfi SAM-skólanna.
- Samskipta- og umgengnisreglur eru skýrar.
- Virkar aðgerðir gegn einelti eru ætíð í gangi.

¹ Hlutfallið miðast við samanlögð framlög skv. kjarasamningum sem eru ætluð til starfsþróunar (þ.e. framlög í verkefna- og námsstyrkjasjóði, námsleyfasjóði, fræðslusjóði, endurmenntunarsjóði og vísindasjóði, auk fjárhagsliðarins *Námskeiðs- og skólagjöld*. Stofn viðmiðunarinnar er heildarlaunakostnaður allra viðkomandi skóla. Launakostnaður vegna starfsþróunar, sbr. kjarasamninga, er ekki talinn með í þessu sambandi.)

Mat og endurskoðun

Gert er ráð fyrir árlegu mati á því hvernig gengur að ná markmiðum skólustefnunnar og/eða að halda sig við þau. Sem lið í þessu mati er eftirfarandi gátlisti lagður fyrir eftirtalda í mars-mánuði ár hvert: (1) foreldraráð Álfasteins, (2) stjórnarmenn í foreldrafélagi Þelamerkurskóla, (3) starfsmenn (í hálfu starfi eða meira) í Álfasteini og (4) starfsmenn (í hálfu starfi eða meira) í Þelamerkurskóla.

Merkja á við þá tölu sem við á í hverju sinni. Talan 1 merkir að viðkomandi leið er ekki fylgt, 2 merkir að viðkomandi leið er að litlu leyti fylgt, 3 merkir að viðkomandi leið er fylgt í meðallagi vel, 4 merkir að viðkomandi leið er fylgt vel og 5 merkir að viðkomandi leið er fylgt mjög vel.

Kaflar	„Leiðir“	merking	1)
Nám og kennsla	Skólar hafa skólanámskrá þar sem leiðir að markmiðum aðalnámskrár eru skýrt afmarkaðar	1 2 3 4 5	
	Hugmyndafræði skóla er skýr, vel kynnt og aðgengileg	1 2 3 4 5	
	Horfa til einstaklingsaðstæðna við skipulag náms, kennsluefnis og námsmats	1 2 3 4 5	
	Sérfræðiaðstoð er við hæfi hverju sinni	1 2 3 4 5	
	Árangur skólustarfs m.t.t. skólanámskrár er metinn með markvissum hætti	1 2 3 4 5	
Sérstaða	Hafa virkt samstarf milli heimilis og skóla	1 2 3 4 5	
	Halda sig við sameiginlega stefnu skólanna um <i>Jákvæðan aga</i>	1 2 3 4 5	
	Halda sig við áherslur <i>heilsuskólans</i>	1 2 3 4 5	
	Halda sig við hugmyndafræði <i>útiskólans</i>	1 2 3 4 5	
Skil milli skólastiga	Vinna markvisst að umhverfismennt í öllu skólustarfi	1 2 3 4 5	
	Börn í þeim árgöngum sem eru næstir öðrum skólastigum fyrir ofan heimsækja þá skóla sem við eiga	1 2 3 4 5	
	Samvinna foreldrafélaga, t.d. í tengslum við viðburði og ferðir	1 2 3 4 5	
Aðbúnaður	Samvinna er milli kennara elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla	1 2 3 4 5	
	Víðtækt samráð milli aðila við undirbúning og hönnun á endurbótum	1 2 3 4 5	
	Ábendingum og kröfum heilbrigðiseftirlits um aðbúnað er mætt	1 2 3 4 5	
Starfsfólk	Kröfur um öryggismál er fylgt með reglubundnu eftirliti	1 2 3 4 5	
	Virkar starfsþróunaráætlanir eru endurskoðaðar árlega	1 2 3 4 5	
Nærsamfélagið	A.m.k. 3,5% af launakostnaði er varið til starfsþróunar		X
	Upplýsingar um skólustarfið eru aðgengilegar	1 2 3 4 5	
	Fundargerðir fræðslunefndar eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins	1 2 3 4 5	
	Foreldrar taka þátt í starfi foreldrafélaga og eftir atvikum í skólustarfinu sjálfu	1 2 3 4 5	
	Viðburðir í skólunum, vorhátíðir, árshátíðir o.s.frv., eru opnir öllum	1 2 3 4 5	
Félagslíf	Skólarnir nýta nærumhverfi sitt í starfinu	1 2 3 4 5	
	Börn eiga kost á að taka þátt í félagslífi innan skólanna	1 2 3 4 5	
	Grunnskólinn tekur virkan þátt í samstarfi SAM-skólanna	1 2 3 4 5	
	Samskipta- og umgengisreglur eru skýrar	1 2 3 4 5	
	Virkar aðgerðir gegn einelti eru ætíð í gangi	1 2 3 4 5	

1) Þegar sá sem er að fylla út gátlistann hefur ekki upplýsingar um stöðu mála varðandi viðkomandi „leið“, er merkt í aftasta dálkinn.

Endurskoðun

Endurskoða skal skólustefnuna með formlegum hætti innan þriggja ára frá upphaflegri samþykkt hennar.